



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2016

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshafta), 826. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. ágúst s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 826. mál sem varðar losun fjármagnshafta.


Fjármagnshöft voru sett á síðla árs 2008 og hafa því verið í gildi í tæp átta ár. Fyrir lífeyrissjóði sem taka við iðgjöldum sjóðfélaga til langtímaávöxtunar er afar mikilvægt að geta beint fjárfestingum að hluta úr landi en það er stór partur í áhættudreifingu eignasafns.

Frumvarpið felur í sér mikilvæg skref í átt að losun fjármagnshafta sem varðar bæði heimilin í landinu og fyrirtæki. Frumvarpið tekur hins vegar ekki á fjárfestingum lífeyrissjóða en sjóðirnir hafa frá miðju ári 2015 fengið undanþáguheimildir til fjárfestinga í erlendri mynt fyrir um 80 ma. kr. Slíkar heimildir eru skref í rétta átt en sökum stærðar sjóðanna er afar brýnt að þeim verði veittar frekari heimildir til erlendra fjárfestinga.

Lífeyrissjóðirnir eru langtímafjárfestar og sem slíkir setja þeir sér fjárfestingastefnu til langs tíma með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Við fjárfestingarákvarðanir er til margs að líta og mikilvægt að unnt sé að hafa ákveðinn fyrirsjáanleika í þeim efnunum. Fyrri undanþáguheimildir hafa verið með afar þröng tímamörk og vilja sjóðirnir vekja athygli á því að mun farsælla væri ef unnt er að veita þeim aukið svigrúm varðandi tíma til að nýta þær undanþágur sem þeim eru veittar. Jafnframt ef í ljós kemur að þær heimildir sem Seðlabankinn hefur ætlað lífeyrissjóðunum hafa ekki verið nýttar innan þess tíma sem markaður hefur verið að hann verði þá framlengdur eða heimildunum endurúthlutað.

Með vísan í framangreint styðja LL frumvarpið en vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að sjóðirnir fái áfram auknar heimildir til fjárfestinga í erlendri mynt og að þær verði veittar til lengri tíma í senn. Það er afar brýnt fyrir sjóðina sem langtímafjárfesta að hafa ákveðinn fyrirsjáanleika til framtíðar litið þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar.

Að lokum vilja LL þakka fyrir að fá frumvarpið til umsagnar og vonast til að það verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri